

Dags eftirlits	28.6.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Arnarlax ehf.	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Miðtún 13	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	580310-0600	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Silja Baldvinsdóttir	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Johnny Indergaard	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram við eftirlitið er varða geymslu efna og mengunarvarnir olúgeyma. Fimm ábendingar eru gerðar.

Unnið er eftir samþykktri úrbótaáætlun vegna tveggja frávika sem skráð voru í eftirliti 22.5.19. Stofnunin óskaði eftir upplýsingum um framvindu úrbóta eigi síðar en 1. júní sl. en gögnin hafa ekki enn borist dags 10.ágúst, sjá umfjöllun undir umfang eftirlits.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Farið var í vettvangsferð þann 22. júní sl. og aðstæður á Gileyri skoðaðar. Rafrænn fundur var svo haldinn 28. júní sl. þar sem farið var yfir gögn og áætlanir.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti, frávík, ábendingar og úrbætur
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
 - o Kynning á áhættumati 2020 og breytingu á flokkum 2021
- Umfang 2019 og 2020
- Frárennsli, hreinsun og mælingar
- Úrgangur, spilliefni og lyf
 - o Dauðfiskur
 - o Annar úrgangur
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna.
- Umgengi á lóðum og aðkoma.
- Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um meðhöndlun fastefnis frá landeldisstöðvum.
- Skráning olúgeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
- Útreikningar á losun í frárennsli í fiskeldi.

Síðan seinasta eftirlit fór fram hefur farið fram handahafabreyting á starfsleyfinu sem er nú á kt. Arnarlax. Úrbótaáætlun v. frávika sem komu fram í eftirliti í maí 2019 var samþykkt í nóvember 2020 eftir að tímafrestir í eldri úrbótaáætlun höfðu ekki staðist. Í bréfi dags 5. nóvember 2020 óskaði stofnunin eftir því að rekstraraðili sendi upplýsingar fyrir 1. júní sl. um framvindu úrbóta. Í áður nefndu bréfi kom einnig fram að tromlusía hefði ekki verið sett upp en skv. rekstraraðila hefði Covid19 sett strik í reikninginn. Tankur C1 hefði verið tekinn í notkun sem settankur, en einungis frárennslið úr starteldi færi þar í gegn og annað frárennsli eldis færi óhreinsað út í sjó meðan unnið er að uppsetningu tromlusíunnar. Áætluð verklok uppsetningar tromlusíu væru nú í lok árs 2021. Eftirlitsaðili minnti á að skila ætti framangreindum upplýsingum í tölvupósti dags 7.6.21, ásamt því að það var rætt á fundinum þann 28.6.21. Í vettvangsferð var staðfest að uppsetningu tromlusíu er ekki lokið en skv. seiðaðisstjóra er áætlað að það verði klárað á árinu. Einnig hafa lagnir ekki verið lagðar út fyrir stórstraumsfjöruborð sbr. eldra frávík, en áætlað er að gera það þegar hreinsuninni hefur verið komið upp.

Rekstraraðili áætla að senda eftirlitsaðila upplýsingar um framvindu verksins og hvort áætlaðar tímasetningar úrbótaáætlunar standi, sbr. umfjöllun hér að ofan, en upplýsingarnar hafa ekki borist þann 10.8.21. Einnig óskaði eftirlitsaðili eftir því að fá senda yfirlitsmynd um fráveitu eldisins nú, sem og áætlaðar lagnir þar sem ekki er alveg ljóst hvort einungis frárennsli frá startfóðrun (líkt og kom fram í úrbótaáætlun rekstraraðila) renni í settank C1, eða einnig frárennsli frá tönkum C, D og nýju smolthúsi. En eftirlitsaðili gerir kröfu um að allt frárennsli stöðvarinnar sé hreinsað. Yfirlitsmynd var send stofnuninni þann 27. júlí sl.

Farið var yfir áhættumat stöðvarinnar 2020 m.t.t. tíðni eftirlita og kynntar breytingar á flokkum áhættumatsins. Farið

var yfir umhverfisstjórnunarkerfi og áhrif þess að starfa eftir (vottuðu) umhverfisstjórnunarkerfi á stigafjölda rekstraraðila í áhættumati.

Rekstraraðili áætlaði að senda eftirlitsaðila gögn sem sýna framleiðslu árána 2019 og 2020, en þau bárust þann 27. júlí sl. Fram kom þó í samtali eftirlitsaðila og rekstraraðila á rafrænum fundi að framleiðsla ársins 2020 hefði verið 155 tonn sem er innan umfangsmarka starfsleyfis.

Áform um hreinsun frárennslis voru rædd bæði í vettvangsferð og á rafrænum fundi sbr. umfjöllun hér að ofan. Æðarfugl og fyll voru við útrás og því greinileg fæðuuppspretta þar sem koma þarf í veg fyrir með hreinsun frárennslisins. Rekstraraðili mælir styrk fosfórs og kófnunarefnis í frárennslu einu sinni á ári, en rætt var að einnig getur verið gott að áætla losun frá eldinu með útreikningi á losun skv. leiðbeiningum stofnunarinnar. Þá er gott að mæla hlutfallslega lækkun á fastefni/svifögnum við hreinsunina til að áætla lækkun á losun fosfórs m.t.t. fjarlægingar efnisins úr frárennslinu. Leiðbeiningar stofnunarinnar um meðhöndlun fastefnis frá landeldisstöðvum voru einnig kynntar og möguleikar á notkun fastefnis sem safnast sem áburður.

Dauðfiski er safnað saman og hann settur hakkaður, sýrður og settur í meltutank á staðnum. Þegar tæma þarf meltutankinn er farið með hann á höfnina á Tálknafirði þar sem meltan er sótt af Hordafor, líkt og á fóðurpramma rekstraraðila. Rekstraraðili er í ferli að koma fóðuropokum og bömbum undan maurasýru í endurvinnslu. Einnig er til skoðunar hvort tunnur undan formalíni og öðrum efnum sem notuð eru geti farið í slíka endurvinnslu eða þurfi í spilliefnamóttöku. Birgjar taka við einhverjum umbúðum aftur.

Terra tekur við öflokkuðum og blönduðum úrgangi, en vinna er hafin fyrir rekstraraðila að endurskoða alla mótöku úrgangs frá stöðinni.

Bæta þarf aðgengi starfsmanna að öryggisblöðum v. efna sem eru í notkun sem og yfirfara allar hættumerkingar. Ganga þarf úr skugga um að merkingarnar og öryggisblöðin séu í samræmi við íslenskt regluverk ásamt því að kynna þau fyrir starfsmönnum líkt og fjallað er um í 35. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 sem innleidd var með reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

Frávik er skráð vegna geymslu formalíntunna og annarra efna sem geymd eru á trébreittum en engar lekabyttur eða lekavarnir eru til staðar.

Einnig er skráð frávik v. geymslu og meðhöndlunar maurasýru í tönkum (bömbum) til notkunar í meltu. Slanga liggur ofan í tankinn til dælingar sýru við hökkun, en frágangur er ófullnægjandi. Opið er ofan í tankinn þannig að rignt getur ofan í hann, ásamt því að slangan er laus. Tankurinn er ekki festur niður né í skjóli frá veðri og vindum.

Svæðið er lokað af og aðkoma ágæt. Framkvæmdir eru við stöðina, m.a. vegna uppsetningar hreinsinbúnaðar og enn eru merki um þær framkvæmdir sem er nýlökð eins og uppsetningar nýs hús fyrir klak og startfóðrun ásamt smolthúsi. Töluvert magn er því af byggingarefni og öðru á lóðinni sem þarf að farga eða raða upp á snyrtilegan hátt.

Leiðbeiningar um fastefni -sjá umfjöllun um frárennslu hér að ofan.

Eyðublað til útfyllingar vegna skráningar neyslugeyma sbr. reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi var sent með fundardagskrá. Rekstraraðili skal fylla það út og senda eftirlitsaðila. Stofnunin óskar eftir því að skráningin berist eigi seinna en samhliða skilum á úrbótaáætlun vegna frávíka. Ábending var gerð í eftirliti 2019 um árekstrarvarnir olíugeymis og aðrar kröfur reglugerðar nr. 884/2017. Rekstraraðila var bent á að ganga úr skugga um að olíugeymir sem hefði verið færður vegna framkvæmda uppfyllti kröfur reglugerðar nr. 884/2017 og skv. upplýsingum frá rekstraraðila stóð slíkt til að framkvæmdum loknum. Tveir olíugeymar eru á staðnum, hvorugur stendur í þró, en annar þeirra er þó tvöfaldur. Hvorugur geymanna er með árekstrarvörn, en standa þó báðir á svæði þar sem vinnuvélar fara um. Því er skráð frávik v. árekstravarna og lekavarna olíugeyma. Einnig er rekstraraðila bent á að ganga úr skugga um að olíugeymar stöðvarinnar uppfylli aðrar kröfur laga og reglugerða, t.d. yfirfyllingavörn og útsláttarbúnað á afgreiðslubýssum.

Útreikningar á losun í frárennslu í fiskeldi - sjá umfjöllun um frárennslu hér að ofan.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

12. gr. efnalaga nr. 61/2013

Við geymslu efna skal sýna fyrirbyggju aðgát og varkárni þannig að fyrirbyggja megi skaða á heilsu og umhverfi. Rekstraraðili geymir tunnur með formaldehyði og sýru á trébreittum en engar lekavarnir eru til staðar.

12. gr. efnalaga nr. 61/2013

Rekstraraðli skal við geymslu efna sýna fyrirbyggju og varkárni til að fyrirbyggja skaða á heilsu og umhverfi. Maurasýrutankur (bambi) stendur opinn úti og er ekki varinn fyrir veðri né vindum.

41. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi

Öruggar mengunar-, áreksturs, eld- og slysavarnir skulu tryggðar við rekstur neyslugeyma. Tveir olíugeymar eru á athafnsvæði, báðir við akstursleiðir og án árekstravarna. Annar geymirinn er hvorki tvöfaldur né stendur í lekaþró.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að farga því efni á lóðinni sem ekki stendur til að nota (úrgangi) og ganga snyrtilega um annað byggingarefni, sbr. gr. 2.3 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að krafa um hreinsun frárennslis, sbr. frávík skráð 2019, á við allt frárennslisstöðvarinnar.

Rekstraraðili skal einnig ganga úr skugga um að olúgeymar uppfylli aðrar kröfur reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun vegna starfsemi á landi, til að mynda yfiryllingavörn og útsláttarbúnað á afgreiðslubýssum.

Gögn og skráningar skulu vera aðgengilegar í eftirliti.

Rekstraraðili skal ganga úr skugga um að öryggisblöð og aðgengi starfsmanna að þeim uppfylli kröfur sbr. reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

ANNAÐ

Rolf Nordli og Wuyahan Xx voru einnig viðstödd skoðunarferð á Gileyri.

Eftirlitsaðili beindi því einnig til rekstraraðila að huga að því að setja sér (mælanleg) umhverfismarkmið.

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.

Reykjavík, 10.08.2021


Hulda Soffía Jónasdóttir

